



DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt verða haldin á höfuðborgarsvæðinu 6. til 10. desember nk. Próf verða einnig haldin á eftirtöldum stöðum: Ísafirði 2. desember, Akureyri 6. desember og Egilsstöðum 7. desember.

Skráning í prófin fer fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is til og með 10. nóvember. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur sem greiða skal í síðasta lagi 10. nóvember inn á reikning Námsmatsstofnunar, sjá upplýsingar þar að lútandi á vef stofnunarinnar.

Sjá nánar á vefnum www.namsmat.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
7. september 2010